1860. 9. júlí. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa Jóni presti Hallssyni og Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni fyrir póstafgreiðslu í Skagafjarðar- og Húnavatns sýslum.**

Þèr hafið, herra amtmaður, með brèfi 20. aprílm. þ. á. sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá Jóni prófasti Hallssyni, presti til Miklabæjar í Skagafjarðarsýslu, og sækir hann um, að fá fyrir það, að hann afgreiðir póstinn þar í sýslu, álíka þóknun á ári hverju og í þessu skyni var veitt formanni hans í brauðinu. — Í þessu efni sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar, að eptir málavöxtum leyfir dómsmálastjórnin, að Jón prófastur Hallsson fái 6 ríkisdala þóknun á ári fyrir afgreiðslu póstsins í Skagafjarðar sýslu, og með því hann hefir haft starfa þenna á hendi síðan 1. dag ágústmánaðar 1858, má borga honum 10 ríkisdali fyrir tímabilið frá þeim degi, er nú var nefndur, til 31. marzm. þ. á., og síðan 6 ríkisdali á ári, frá 1. aprílm. þ. á.

Einnig hefir dómsmálastjórninni, samkvæmt tillögum yðar í brèfi 25. aprílm. þ. á., eptir því sem ástatt er, þótt ástæða til að veita Ólafi dannebrogsmanni Jónssyni á Sveinstöðum 6 ríkisdala þóknun á ári, frá 1. aprílm. þ. á. fyrir það, að hann hefir á hendi póstafgreiðsluna í Húnavatns sýslu.

Því skal við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, eptir yðar nákvæmari ráðstöfun.

---

23. júlí. **44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um styrk handa íslenzkum læknaefnum.**

Kirkju- og kennslustjórnin hefir í brèfi 20. aprílm. þ. á. bent á, að þeir 800 ríkisdalir, sem í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár eru til greindir í 1. lið í útgjaldadálki „komm-